

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Brautarholts í Skeiðahreppi.

1. gr.

Hitaveita Brautarholts selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. og staðfesta reglugerð Hitaveitu Brautarholts.

2. gr.

Hitaveitan lætur þeim húsum, sem tengd eru veitukerfi hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar, enda séu hitakerfi nógu stór að dómi hitaveitunefndar.

3. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis. Miðast gjald hitaveitunnar fyrir afnot heita vatnsins við það hámarksrennsli, sem hemillinn er stilltur á.

4. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 3. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemlastillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári. Skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveitunefnd fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt vatnsnotkun verði minni hluta úr árinu.

Þar til hemlar hafa verið settir á, og ef hemlar bila, áætla hitaveitunefnd vatnsnotkunina með hliðsjón af fyrri notkun og/eða stærð og hitaþörf hússins.

Skylt er húseiganda að tilkynna hitaveitunefnd, ef hann breytir hitakerfi í húsi, sem raskað gæti mælingu um hemil.

5. gr.

Gjöld fyrir dreifingu heita vatnsins eru sem hér segir á mánuði:

1. Hemlagjald:

a) Fyrir hemla allt að ½"	kr.	408,00
b) Fyrir hemla allt að ¾"	kr.	816,00
c) Fyrir hemla 1"–2"	kr.	1.212,00

2. Vatnsgjald fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils:

a) Sundlaug	kr.	218,00
b) Önnur hús	kr.	436,00

3. Gjöld fyrir heitt vatn til annarra nota en að framan greinir ákveður hitaveitunefnd hverju sinni með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Gjalddagar hitaveitugjalda samkv. 5. gr. eru sem hér segir:

Fyrir janúar-mars 1. apríl. Fyrir apríl-júní 1. júlí. Fyrir júní-september 1. október. Fyrir október-desember 1. nóvember.

Gjöldin skal greiða til innheimtumanns hitaveitunnar, eða innheimtustofnunar, sem hann vísar til. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan mánaðar frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skal miða við heildarrúmmál húsa og vera sem hér greinir fyrir eina heimæð:

Hús allt að 400m ³	kr. 88.900,00
Hús 400–2000m ³	kr. 88.900,00
Fyrir 400 m ³ og á hvern rúmmetra þar fram yfir	kr. 72,00
Hús stærri en 2000 m ³	kr. 205.000,00
og á hvern rúmmetra þar fram yfir	kr. 61,00

Stofngjald fyrir hvern aðrennslisemil umfram einn á sama inntaki er kr. 3.600,00
Heimaæðagjald er gjaldkræft, þegar tenginu heimæða er lokið.

8. gr.

Hitaveitu Brautarholts er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkv. 7. gr. í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að láta loka fyrir rennslí heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun skal tilkynna á sannanlegan hátt með 7 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 1.910,00 hverju sinni.

11. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hemlum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans viðgerðir vegna bilana og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi sem Hreppsnefnd Skeiðahrepps hefur samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 11, 12. janúar 1987.

Iðnaðarráðuneytið, 12. janúar 1990.

F. h. r.
Páll Flygenring

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við vinstri beygju af Laugavegi suður Mjólnisholt.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 10. janúar 1990.

Böðvar Bragason.